

## **Fundargerð – Rafrænn fundur Aðalstjórnar UMF Tindastóls**

**Dagsetning:** 19. Maí 2025

**Fundarform:** Rafrænn fundur í gegnum skrifleg samskipti

**Fundarmenn:** Magnús Barðdal, Stefán Árnason, Sigurlína Magnúsdóttir og Gunnar Traustason.

### **1. Málefni knattspyrnudeildar**

Rætt var um stöðu mála hjá knattspyrnudeild Tindastóls, sérstaklega með hliðsjón af komandi aðalfundi deildarinnar og þörf á að styrkja stjórn deildarinnar.

Aðalstjórn ræddi hvernig hún gæti best aðstoðað við að tryggja að stjórn deildarinnar verði fullmönnuð og að undirbúningur og framkvæmd aðalfundar gangi vel. Samhljómur var um mikilvægi þess að styðja við deildina á þessum tímamarki og vinna að því í sameiningu að finna einstaklinga sem eru tilbúnir að taka að sér störf í stjórn.

Aðalstjórn mun leggja sitt af mörkum við undirbúning aðalfundar og stuðla að því að finna hæfa einstaklinga til starfa í stjórn knattspyrnudeildarinnar.

Fleira var ekki rætt.